

Þriðjudaginn 27. október 1998.

Nr. 194/1998.

**Sigurður B. Pétursson og
Erla Jónsdóttir**

(Steingrímur Pormóðsson hdl.)

gegn

Landsbanka Íslands hf.

(Sigurður Georgsson hrl.)

Málskostnaðartrygging. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. maí 1998.

Stefndi krafðist þess með bréfi 2. júní 1998, að áfrýjendum yrði gert með vísan til b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Fallist var á þá kröfu með ákvörðun réttarins 15. júní 1998. Var fjárhæð málskostnaðartryggingar ákveðin 300.000 krónur og áfrýjendum settur tveggja vikna frestur til að afhenda skilríki fyrir henni. Slík skilríki hafa ekki verið afhent í samræmi við ákvörðun réttarins.

Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, og með skírskotun til 166. gr. laga nr. 91/1991, svo sem þeim var breytt með 20. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 3. mgr. 133. gr. fyrrnefndu laganna, verður málinu vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Krafa hefur ekki verið gerð um málskostnað fyrir Hæstarétti, og dæmist hann því ekki.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
